

Yfirlýsing

um kvaðir á íbúðir í húsinu nr. 28-40 við Hrannarstíg, Grundarfjarðarbæ

Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði, sem er eigandi raðhússins við Hrannarstíg 28-40, Grundarfjarðarbæ, landnúmer 196401, 196402, 196403, 196404, 196405, 196409 og 196410, lýsir því yfir að eftirgreindar kvaðir hvíla á hverri íbúð í framangreindu húsi:

1. Íbúðinar má aðeins selja fólki sem eru 60 ára og eldri og í íbúðunum mega ekki aðrir búa en þeir, makar þeirra og uppkomin börn þeirra, nema að stjórn húsfélagsins samþykki undanþágu frá því um stundarsakir, t.d. vegna fjölskylduástæðna eigenda. Stjórn húsfélagsins getur vikið frá ákvæði þessu ef annar hvor maki fullnægir ekki þessu skilyrði.
2. Íbúðareiganda er heimilt að leigja eða lána íbúðina sína, enda fullnægi leigutakar skilyrðum 1. töluliðar hér að ofan.
3. Hljóti maki skráðs íbúðareiganda eða sambýlismaður/kona íbúðina í arf eða við búskipti er honum heimil yfirtaka íbúðarinnar, búseta í henni og notkun, með þeim takmörkunum sem í 1. og 2. tölul. greinir, að undanskildu aldursskilyrðinu fyrir eigandann sjálfan.
4. Erfingjum íbúðareiganda er heimilt eignarhald að íbúð við arftöku, enda sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. tölul. um notkun.
5. Félagasamtökum er heimilt að kaupa íbúð/ir í húsinu ef fyrirhugaðir íbúar uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. um notkun. Skal stjórn húsfélags samþykkja alla leigutaka.
6. Kvöð þessari um að aðeins þeir sem eru 60 ára og eldri megi eiga íbúðir og búa í húsinu við Hrannarstíg 28-40 verður ekki breytt nema með samþykki Grundarfjarðarbæjar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst með kvöð á allar íbúðir í húsinu. Kvöðin byggir jafnframt á skilmálum lóðarleigusamnings og skipulagi á svæðinu.


Grundarfirði, 16. desember 2024

f.h. Grundarfjarðarbæjar




Vottar að rétttri dags., undirskrift og fjárræði (nafn og kennitala)


Sigrún R. Stevns, 071002-4229


Helga Sölu Ólafsdóttir 310885-3019

Yfirlýsing
um kvaðir á íbúðir í húsinu
nr. 28-40 við Hrannarstíg í Grundarfjarðarbæ

Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði, sem er eigandi raðhússins við Hrannarstíg 28-40, Grundarfirði, landnúmer 196401, 196402, 196403, 196404, 196405, 196409 og 196410 lýsir því yfir að eftirgreindar kvaðir hvíla á hverri íbúð í framangreindu húsi:

1. Grundarfjarðarbær, sem landeigandi, skal eiga forkaupsrétt að mannvirkjum öllum á lóðinni sem á henni kunna að rísa ásamt lóðarleiguréttindum. Geri leigutaki lóðar eða aðili sem leiðir rétt sinn frá honum, kaupsamning um eignina, skal hann sendur Grundarfjarðarbæ og sveitarfélaginu boðið að ganga inn í kaupin. Til þeirrar ákvörðunar hefur forkaupsréttarhafi fjögurra vikna frest frá því honum berst tilkynning frá lóðarleiguhafa/húseiganda.
2. Kvöð þessari um forkaupsrétt verður ekki breytt nema með samþykki Grundarfjarðarbæjar.

Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á allar íbúðir í húsinu.


Grundarfirði, 16. desember 2024

f.h. Grundarfjarðarbæjar


Björg H. Guðsdóttir
Bæjarstjórnin
Grundarfirði

Vottar að rétttri dags., undirskrift og fjárræði (nafn og kennitala)


Sigrún R. Jónsdóttir 271062-4229


Helga Sjöfn Ólafsdóttir 310885-3049